

# Horses of Iceland

BRING YOU CLOSER TO NATURE



**Markmið – verkefni – árangur**

**2016-2020**

# Efnisyfirlit:

<b>Markaðsstarf Horses of Iceland 2016-2019 .....</b>	<b>3</b>
Inngangur.....	3
Markmið, áherslur, markhópar og markaðssvæði .....	4
Yfirlit yfir markaðsaðgerðir, kynningarefni og endurtekna viðburði.....	5
Rannsóknir .....	7
Niðurstaða .....	8
<b>Viðauki .....</b>	<b>9</b>
Birtingar í fjölmiðlum, samstarfsaðilakynningar og sýningar .....	10
Samfélagsmiðlagreining .....	16
Uppbygging vörumerkjavirðis: Íslenski hesturinn .....	20
Hestamennska og hestaferðaþjónusta .....	57

## INNGANGUR

Árið 2015 komu allir helstu hagsmunaaðilar í hestamennsku saman og ákváðu að sameina krafta sína undir nafninu Horses of Iceland (HOI), en þáverandi landbúnaðarráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson hvatti til samstarfsins. Samningur var gerður til fjögurra ára. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og Mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykktu að leggja fram 25 milljónir króna til verkefnisins 2016-2020 til móts við framlag einkaaðila. Í framhaldinu var mörkuð stefna til framtíðar í sölu-, markaðs- og kynningarmálum hestamanna, sem Íslandsstofa hefur umsjón með. Í lok 2019 voru ríflega 70 hagsmunaaðilar sem koma að þessu mikilvæga verkefni gegn framlagi frá ríkinu og hefur það skilað miklum árangri á síðustu fjórum árum.

Árið 2019 var mjög gott ár í útflutningi á hrossum, en þá voru **1.509** hross seld úr landi, fleiri en síðustu níu árin á undan. Árið 2019 var einnig metár þegar litið er til fjölda ferðamanna sem fóru á hestbak: **9,8%** þeirra erlendu ferðamanna sem komu til landsins í fyrra fóru í hestaferð, eða nærri **200.000** manns. Á meðan heildarfjöldi ferðamanna hefur dregist saman, hefur hlutfall þeirra sem fer í hestaferðir aukist.

Fleiri dæmi um árangur af starfi Horses of Iceland:

- **54.700.000** birtingar á samfélagsmiðlum (e. impressions)
- Samanlagt virði þeirra um **40** milljónir króna
- Fjöldi fylgjenda á Facebook og Instagram í lok 2019 eru **110.300**
- **1.500.000** sýningargestir sóttu sýningar þar sem Horses of Iceland var með kynningar
- Greinar og þættir í kjölfar blaðamannaheimsókna náðu til um **293 milljón** manns
- Samanlagt virði umfjallana í fjölmiðlum nemur **730.526.125** krónum
- Myndbönd verkefnisins fengu samtals yfir **3 milljón** spilanir
- **70** samstarfsaðilar í **5** löndum hafa gengið til liðs við verkefnið

## **MARKMIÐ**

Tilgangur HOI verkefnisins er að auka vitund um og styrkja ímynd íslenska hestsins á alþjóðavettvangi. Markmiðið er að leggja grunn að aukinni verðmætasköpun og auknum gjaldeyristekjum af sölu á hestinum, vörum og þjónustu honum tengdum með faglegu og framsæknu markaðsstarfi undir merkjum „Horses of Iceland – bring you closer to nature“.

## **ÁHERSLUR**

Lögð er áhersla á að ná víðtæku samstarfi aðila í Íslandshestasamfélaginu um heim allan til að tryggja samræmd skilaboð í markaðsstarfinu og aukinn slagkraft. Unnið er með langtímasjónarmið að leiðarljósi.

Lögð er mikil áhersla á notkun stafrænnar miðlunar, vef og samfélagsmiðla, til að ná sem mestri útbreiðslu um heim allan. Einnig er lögð áhersla á samlegð í kynningarstarfi innan Íslandsstofu við aðrar greinar, s.s. ferðaþjónustu í markaðsverkefninu Inspired by Iceland og íslenskri menningu í Iceland Naturally.

## **MARKHÓPAR OG MARKAÐSSVÆÐI**

Á árunum 2016-2017 var lögð áhersla á að ná til eftirfarandi markópa: erlendra aðila sem nú þegar tengjast íslenska hestinum um heim allan, ferðamenn á Íslandi og þá sem eiga leið um Leifsstöð, og 2018-2020 einnig til eigenda og knapa annarra hestakynja með von um að auka þannig athygli sem hvetur til aukinna viðskipta, þjónustu og afþreyingar þar sem íslenski hesturinn kemur við sögu.

Áhersla hefur m.a. verið lögð á kynningarstarf í Þýskalandi og Svíþjóð þar sem íslenski hesturinn hefur mikla útbreiðslu, í Hollandi, þar sem Heimsmeistaramótið var haldið árið 2017, og víðar í Evrópu, en einnig var fjármagn lagt í kynningarstarf í Bandaríkjunum. Í lok árs 2019 þáði verkefnastjóri HOI boð um að kynna íslenska hestinn á ráðstefnu í Kína.

Hægt er að ná til fólks með markvissum hætti á stafrænum miðlum eftir löndum, kyni, aldri og áhugamáli og er það gert sérstaklega á Facebook og Instagram og vefsíðu HOI, sem er á 4 tungumálum.



## YFIRLIT YFIR MARKAÐSAÐGERÐIR, KYNNINGAREFNI OG ENDURTEKNA VIÐBURÐI

### Sýningar og viðburðir:

- Alþjóðlegur dagur íslenska hestsins á heimsvísu 1. maí (2016-2019)
- Skrúðreið um miðbæ Reykjavíkur 30. apríl (2016-2018)
- Landsmót hestamanna með þátttöku ráðherra og Forseta Íslands (2016, 2018)
- FEIF aðalfundir (2016-2020)
- Ferð með erlenda blaðamenn í Laufskálaréttir (2016-2019)
- Bás á Equitana í Essen, Þýskalandi (2017, 2019)
- Heimsmeistaramót íslenska hestsins (2017, 2019)
- Bás á Equine Affaire sýningunni í Springfield, BNA (2017-2019)
- Bás á Sweden International Horse Show í Stokkhólmi, Svíþjóð (2017-2019)
- Pferd & Jagd sýningin í Hannover, Þýskalandi (2017-2019)
- Landbúnðarsýning í Reykjavík (2018)
- 50 ára afmælishátíð Dansk Islandshesteforening (2018)
- Elmia Power Horse Show, Svíþjóð (2018)
- Samstarf við Meistaradeild hestamanna (2019)
- Kynning í tengslum við Norræna ráðherrafundinum (2019)
- Blaðamannaferð í Víðidalstungurétt (2019)
- World Horse Culture Forum, Hohhot, Kína (2019)
- Falsterbo Horse Show, Svíþjóð (2019)

**Í heildina hafa fulltrúar HOI staðið fyrir og tekið þátt í 38 viðburðum, sem 1.5 milljón gestir hafa sótt.**

### Vefsíða Horses of Iceland:

Vefsíðunni *HorsesofIceland.is* („the Official Site of the Icelandic horse“) er ætlað að halda utan um efni sem tengist íslenska hestinum og unnið er í nafni verkefnisins. Hún er á fjórum tungumálum: Íslensku, ensku, þýsku og sænsku. Þar eru birtar sögur, fréttir, myndbönd og kynningarefni, auk samstarfsaðilakynninga. Heildarfjöldi heimsóknna frá upphafi eru um **213.000**.

### Bæklingar og kynningarefni:

Ítarlegur bæklingur hefur verið gerður um íslenska hestinn. Hann hefur verið prentaður á **5** tungumálum: Íslensku, ensku, þýsku, sænsku og kínversku. Bæklingnum er dreift á þeim viðburðum sem HOI sækir og stendur fyrir.

Póstkort og annað prentefni hefur verið vinsælt til dreifingar en samstarfsaðilar hafa einnig fengið afnot af því.

### Skráning á póstlista:

Í gegnum vefinn hefur verið hægt að skrá sig á póstlista og nú fá um **7.000** manns alls staðar að úr heiminum reglulega sendar fréttir frá okkur **10** heppnir lesendur hafa unnið ferð til Íslands.

### Samfélagsmiðlar:

Íslenski hesturinn nýtur mikillar velgengni á samfélagsmiðlum. Fylgjendur okkar eru nú um **110.300** manns bæði á Facebook og Instagram, en það eru okkar helstu miðlar, ásamt YouTube. Samstarfsaðili vinnur með okkur sem sér að mestu um gerð efnis fyrir samfélagsmiðlana.

Það sem einkennir okkar fylgjendur er hversu virkir þeir eru, þær færslur sem við birtum fá mjög hátt „engagement rate“ sem segir til um hversu mörgum líka við þær, skrifa athugasemdir og deila efninu okkar. Þetta gerir samfélagsmiðla okkar að mjög góðum vettvangi til þess að ná til þessa stóra hóps.

Á samfélagsmiðlum eru m.a. samstarfsaðilar HOI kynntir með myndum og stuttum texta.

Samanlagt virði umfjallana á samfélagsmiðlum 2018-2019 er metið á **36,8 milljónir**.

### Almannatengsl – blöð/tímarit/miðlar/sjónvarp:

HOI hefur boðið fjölda blaðamanna, kvikmyndagerðarmanna og ljósmyndara til Íslands til að kynna fyrir þeim íslenska hestinn, m.a. í tengslum við viðburði eins og Laufskálaréttir og Landsmót hestamanna. Afrakstur heimsóknanna eru ítarlegar blaðgreinar í sumum af útbreiddustu og virtustu miðlum heims, t.d. *National Geographic UK* og *CNN*; heimildarþættir, m.a. á alþjóðlegu hestasjónvarpsstöðinni *FEI TV* sem nær til 240 milljóna áhorfenda um allan heim og heimildarmynd *Equus WorldWide* um Mývatn Open Ísmótið og Hólaskóla sem sýnd var á *Horse & Country TV* sem nær til rúmlega 45 milljóna manna. HOI hefur einnig aðstoðað við gerð ljósmyndabóka, m.a. eftir Christiönu Slawik og Guadalupe Laiz, sem eru meðal fremstu og vinsælustu hestaljósmyndara í heimi.

Samanlagt virði þessara umfjallana er metið **743.677.788** krónum.

Auk þess hefur HOI aðstoðað fjölmiðlafólk, ljósmyndara og þáttagerðarfólk sem hefur haft samband að fyrra bragði vegna áhuga á íslenska hestinum. Má þar m.a. nefna unga breska hestakonu sem birtir þætti á YouTube stöð sinni *This Esme* og nýtur mikilla vinsælda.

HOI hefur einnig sent fjölda fréttatilkynninga til innlendra og erlendra miðla og keypt auglýsingar, t.d. í afþreyingarkerfi Icelandair flugvélanna sem **4,4 milljónir** farþega hafa séð.

## **RANNSÓKNIR:**

HOI hefur staðið fyrir ýmsum rannsóknum. Í upphafi verkefnisins var gerð umfangsmikil könnun meðal meðlima FEIF til að athuga hvort sú ímynd íslenska hestsins sem HOI vildi auglýsa væri í samræmi við ímynd íslenska hestsins í öðrum aðildarlöndum og reyndist það vera raunin.

### **Uppbygging vörumerkjavirðis: Íslenski hesturinn**

Síðastliðið haust gerði Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir, meistaranemi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum við HÍ, könnun á uppbyggingu vörumerkjavirðis íslenska hestsins meðal alþjóðlegra hestaeigenda á Facebook (úrtakið var rúmlega 2.000 manns). Þar kom í ljós að **97%** þeirra þekktu íslenska hestinn. Flestir tengdu hann við gangtegundir, geðslag og kraft, sem er meðal þeirra jákvæðu eiginleika sem HOI hefur komið á framfæri með markaðsstarfi sínu. Stór hluti þátttakenda sagði það líklegt eða mjög líklegt að þeir myndu kaupa íslenskan hest (sjá nánar í viðauka, bls. 10).

### **Hestamennska og hestaferðapjónusta**

Ingibjörg Sigurðardóttir lektor í Ferðamáladeild Háskólans á Hólum tók saman ýmis gögn um hestamennsku og hestatengda ferðapjónustu fyrr á þessu ári. Hún færir rök fyrir því að greinin sé mjög mikilvæg fyrir ferðapjónustu og íslenskan efnahag. Hún tekur t.d. Landsmót sem dæmi. Varlega áætlað er meðaleyðsla erlendra gesta á Landsmóti fyrir utan gistingu 30.041 kr. á dag og því er talið að efnahagsleg áhrif Landsmóts 2016 hafi verið um **160 milljónir** án afleiddra áhrifa. Við þetta má bæta að mikil aukning hefur verið á sölu á hestavörum. Árið 2018 má áætla að erlendir ferðamenn hafi keypt hestavörur fyrir um **127 milljónir** króna, en fyrir 60 milljónir árið 2014.

Mælaborð ferðapjónustunnar er gagnabanki sem Ferðamálastofa heldur utan um, en þar kemur fram að fjöldi þeirra ferðamanna sem fara í hestaferðir á meðan dvöl þeirra á Íslandi stendur hefur farið hækkandi á síðustu árum: 2017 var hlutfallið 9,5% (aðeins tölur til frá júní-des), 9,3% árið 2018 og 9,8% árið 2019 (sjá nánar í viðauka, bls. 57).

### **Rannsókn meðal FEIF félaga**

FEIF könnunin er viðamikilið gagnasafn sem hægt er að nýta enn frekar við greiningu markhópa í tengslum við sölu á hestum og hestatengdri þjónustu. Hægt er að nýta hana í fjölþættum tilgangi bæði við heildarmarkaðssetningu á hestinum og Íslandi sem áfangastað fyrir áhugamenn um (íslenska) hesta en einnig í sértækari verkefnum hjá fyrirtækjum, félögum og samtökum. Þessi könnun gefur færi á að draga fram þætti þar sem ætla má að þurfi sérstaklega að leggja áherslu í markaðssetningu og kynningarmálum. (Hvað kemur á óvart í niðurstöðunum? Hvað segir það okkur?)

### **Rannsókn meðal erlendu reiðskólar og hestaleigum**

*Í vinnslu*

## **NIÐURSTAÐA:**

Ljóst er að á aðeins fjórum árum hefur HOI náð gríðarlegum árangri í markaðssetningu íslenska hestsins og haft viðtæk jákvæð áhrif, bein og óbein, á greinina í heild. Markaðsstarfið hefur einnig áhrif á ferðaþjónustu almennt, þar sem mikil kynning á íslenskri náttúru og menningu hefur farið fram samhliða kynningu á íslenska hestinum. HOI verkefnið hefur skapað samstarfsvettvang innan hestamennskunnar sem ekki var til staðar áður en verkefnið kom til og hefur staðið fyrir sameiginlegu kynningarátaki. Reynsla og fræðilegar rannsóknir hafa sýnt að samstarfs- og markaðsverkefni geta skilað miklum ávinningi en þá aðeins ef þau eru nægilega fjármögnuð og til langs tíma.

Árið 2019 voru **1.509** hestar fluttir úr landi, sem er aukning um 158 hross frá árinu áður. Á síðasta áratugi voru flest hross flutt út í fyrra. Að meðaltali voru 1.350 hross flutt úr landi á ári síðasta áratuginn. Samkvæmt Hagstofu Íslands hefur verðmæti útflutningshrossa oftast verið í kringum **1 milljarð króna** á ári síðasta áratuginn (sjá nánar: <https://www.horsesoficeland.is/is/um-verkefnid/frettir/verdmaetaskopun-islenskra-hesta-vekur-athygli/1143>).

Samkvæmt ársskýrslu Landssambands hestamannafélaga (LH) hefur félagafjöldi í hestamannafélögum aukist um 241 á milli 2018 og 2019 og er nú **6.305**. HOI og LH eru nú að vinna í átaki til að fjölga meðlimum enn frekar, en töluvert margir stunda hestamennsku og nýta sér aðstöðu hestamannafélaganna án þess að vera skráðir meðlimir og greiða til þeirra gjöld (sjá nánar: <https://www.feiffengur.com/documents/WorldFengur%20Annual%20Report%202019.pdf> og <https://www.horsesoficeland.is/is/um-verkefnid/frettir/atak-hestamannafelaga-hestamenn-verda-ad-standa-saman/1193>).

Nánari upplýsingar má finna í viðauka.

# Horses of Iceland



**Markmið – verkefni – árangur  
2016-2020**

**Viðauki**

## BIRTINGAR Í FJÖLMÍÐLUM, SAMSTARFSAÐILAKYNNINGAR OG SÝNINGAR:

### Greinar birtar á horsesoficeland.is (Sögur og Fréttir):

Ártal	Sögur	Fréttir
2019	<p>Stúfur, Léttféti og skötuveislan Folaldið Fákur bjargar jólasveininum Ævintýri „This Esme“ á Íslandi Saga Ceciliu og Abel Hleypt yfir Hóp: Hamingja í huliðsheimum FEIF YouthCamp: Færir fólk nær hvert öðru Friður og frelsi með fákum í sumarsól Krakkahestar koma í heimsókn Ungir hestamenn deila gleðinni Stöndum vörð um öryggi hrossa í hólfum Sagan á bakvið Tails of Iceland Ævintýrið um Heidi og Skjónu Hversu mikla þyngd getur íslenski hesturinn borið? Lífið á Litlu-Brekku: Rækta, keppa og hafa gaman Höfðingi horfinn á braut Herrareið í hálfu öld Heilbrigðir hestar í góðum haga</p>	<p>Horses of Iceland í Kína Íslenski hesturinn vinsælastur á Sweden International Horse Show Íslenski hesturinn vekur athygli á Equine Affair Stóðréttir í Víðidal: Íslensk sveitamening eins og hún gerist best Verðmætasköpun íslenskra hesta vekur athygli Frábær árangur á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins Norræn ráðherranefnd kynnir sér íslenska hestinn Íslenski hesturinn á Falsterbo Horse Show í fyrsta sinn Íslenski hesturinn á 17. júní Íslenski hesturinn í kastljósi Equus Worldwide á Horse &amp; Country TV Vel heppnaður Dagur íslenska hestsins Íslenski hesturinn í bandarískum hestaþætti Dagur íslenska hestsins – 1. maí! Reiðhestagreining FEIF: Fullkomin þörun hests og knapa „Vikingahestar“ gera strandhögg í hestaheiminum Íslenski hesturinn kynntur á Equitana Ljósmynda- og samfélagsmiðlanámskeið</p>
2018	<p>Heim fyrir jólin Giljagaur bragðar kaplamjólk Bók fyrir unnendur íslenskra hesta Stjórnureið „Gjöf hestanna til mín“ „Viljagenið“ og aðrir þættir sem hafa áhrif á skeið Lífið á Landsmóti - Hápunktar Af ferfættum kennurum Hólaskóla Með ástríðu fyrir járningum: Zola Runsten segir frá starfi sínu Reiðnámskeið fyrir fatlaða: Aðal tilgangurinn að hafa gaman The Queen of Pace How Do Horses Sleep? The Best Horse Among Gods and Men Horses of Iceland - Around the World</p>	



	„Car Commercial“ for the Icelandic Horse Of Horses and Elves	
2017	Deacon of Dark River Stekkjastaur fær far með hesti Highlight of the Season Learning through Liberty Value in Icelandic Names Glanni the Colour-Changer Exploring the Highlands Flying Horse Trailer Off to the Championships A Place for Horse Lovers Don't Pack Equine Pathogens Riding Horse Profile Developed by FEIF New Coat Colour in the Icelandic Horse Icelandic Horse Saves 62-Year-Old In Harmony with Horses	

Samtals: 66 greinar á ensku, 46 á íslensku og 33 á þýsku. Heildarfjöldi heimsóknna á vef um 213.000.

**Myndbönd birt á horsesoficeland.is, YouTube, Facebook og Instagram:**

2019	Equus WW Iceland Trailer FEI 2019 - The Uniqueness of Icelandic horses, Part 1, Part 2 FEIF Riding Horse Profile
2018	The queen of pace
2017	The Horses of Iceland official video 5 gaits of the Icelandic horse Travelling with the Icelandic horse Horses and Hotsprings About the Day of the Icelandic Horse Tales of Iceland by April Anderson
2016	Horse Parade in Reykjavík 2016 Laufskálarétt 2016 Day of the Icelandic horse 2016 Horses of Iceland - uppbygging vörumerkis fyrir íslenska hestinn Horses of Iceland - Building the Brand

Samtals: 15 myndbönd. Heildarfjöldi áhorfa (e. views): 3 milljónir.

### Kynning á samstarfsaðilum:

Þeir samstarfsaðilar sem styrkja verkefnið fyrir 150.000kr eða meira fá kynningu á sínu fyrirtæki/starfsemi á samfélagsmiðlum HOI. Þeir sem eru búnir að fá kynningu eru eftirfarandi:

2019	Blesastaðir Meistaradeildin Íslandshestar FEI Global Litla Brekka Equitana Hagagæði Söðulsholt Horn Hestar LH Hestar Hólar Worldfengur Falsterbo Eldhestar Vík Horses Íshestar Equine Affaire Hrímnir Landsmót Félag hrossabænda
2018	Skjaldarvík Guesthouse Hornhestar Hrímnir Meistaradeildin í hestaíþróttum Friðheimar Íslenski hesturinn Félag Hrossabænda Dönsku íslandshestasamtökin Hestvit AppFengur Brjánsstaðir Litla Brekka Landsmót – fjölmargir samstarfsaðilar kynntir, þ.á.m. Félag Tamningamanna, Hrímnir, Sögusetrið, Knapamerkin, Hólaskóli, Appfengur, MAST, Landsmót 2020 o.fl. Hólaskóli MAST Hrossaræktarbúið Kjarr Íshestar Horse Expo Vesturkot

	USIHC Blesastaðir
2017	Landssamband hestamannafélaga Icelandair Cargo Hey Iceland Eldhestar SIF – sænska félagið Íshestar Hof á Höfðaströnd Íslenski hesturinn Sólvangur Riding Iceland Margrétarhof Skjaldarvík MAST Lífland Hrímnir

### Umfjallanir í öðrum miðlum:

2020	Icelandair Stopover (flugblað Icelandair)
2019	CNN Metro Online Gentle Giants HVAÐ barna- og ungmennatímarit CP Creatives Canon
2018	National Geographic Traveller UK Islandshästpodden RÚV Gallop Magazine FEI TV
2017	Nürnberger Zeitung Stuttgarter Zeitung Islandshästpodden My North (flugblað Air Iceland Connect) Icelandair Stopover

Greinar og sjónvarpsþættir hafa til samans náð til **293 milljóna** manna og samanlagt virði þessara umfjallana er **743.677.788** kr.

**Sýningar og viðburðir:**

2019	<p>Pferd &amp; Jagd, Hannover, Þýskalandi - kynningarsamstarf með Íslandshestum          World Horse Culture Forum í Hohhot, Kína          Sweden International Horse Show          Equine Affaire, BNA          Ljósmyndanámskeið, Íslandi          HM Berlín          Falsterbo - FEI, Svíþjóð          17. júní, Reykjavík          Hestadagar, alþjóðlegt          Equitana, Þýskalandi</p>
2018	<p>World Toelt í, Danmörku          Gothenburg Horse Show          Áhugamannadeildin          Meistaradeildin          Hestadagar í Rvk          Æskan og hesturinn          FEIF Education Seminar at Hólar          Stóðhestaveislan          Icehorsefestival í Herning          Skrúðreið í miðbæ Reykjavíkur          Alþjóðlegur dagur íslenska hestinn, haldinn hátíðlegur um allan heim          Landsmót hestamanna í Reykjavík          Bás á Elmia Power Horse Show í Svíþjóð          Landbúnaðarsýning í Laugardalshöll í Reykjavík          50 ára afmæli Íslandshestafélagsins í Danmörku          Bás á Equine Affaire kaupsýningunni í Springfield, MA, BNA          Bás á Sweden International Horse Show í Svíþjóð          Bás á Pferd &amp; Jagd sýningunni í Hannover, Þýskalandi</p>
2017	<p>Alþjóðlegur dagur íslenska hestsins 1. maí          Skrúðreið í miðbæ Reykjavíkur 30. apríl          Samstarf við sænsku Íslandshestasamtökun á EuroHorse í Svíþjóð          Bás á Equitana í Essen, Þýskalandi          Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Hollandi          Blaðamannaferð í Laufskálaréttir          Kynning á menningarviðburðum á Munsterland Festival hátíðinni í Þýskalandi          Bás á Equine Affair kaupsýningunni í Springfield, MA, BNA          Bás á Sweden International Horse Show í Svíþjóð          Heimsókn á Pferd &amp; Jagd sýninguna í Hannover, Þýskalandi</p>
2016	<p>Alþjóðlegur dagur íslenska hestsins 1. maí</p>

Í heildina hefur Horses of Iceland farið á 38 sýningar og viðburði. Samanlagður gestafjöldi á þessum viðburðum er áætlaður **1.500.000**.

**Bækur sem Horses of Iceland hefur komið að:**

2019	<i>Eine Welt voller Pferde – Abenteuer einer Fotografin</i> eftir Christiane Slawik (íslenski hesturinn á forsiðu) <i>Horses of Iceland</i> eftir Guadalupe Laiz (Ringo Starr keypti eintak!) FEIF 50 ára afmælisrit
2018	<i>The Complete Guide to the Icelandic Horse</i> eftir Lex van Keulen og Vanda Ooserhuis <i>Black Lava Fairytale</i> eftir Susanne Walström <i>Hestur</i> eftir Samy Berkani

**SAMFÉLAGSMIÐLAGREINING:**

Frá því að verkefnið hóf göngu sína árið 2016 hefur efni frá HOI birst í fréttaveitum nokkurra milljóna manna á samfélagsmiðlum, þá aðallega Facebook og Instagram.

Líklega er um að ræða stærstu og viðamestu kynningu sem íslenski hesturinn hefur náð nú á tímum stafrænna miðla. Fylgjendur á samfélagsmiðlum voru um 110.000 í lok árs 2019 og fer jafnt og þétt fjölgandi. Í fyrsta sinn eru fylgjendur nú fleiri á Instagram heldur en Facebook. Fylgjendur skiptast þannig að rúmlega 46.000 eru fylgjendur á Facebook og rúmlega 64.000 á Instagram.

Það sem einkennir okkar fylgjendur er hversu virkir þeir eru, þær færslur sem við birtum fá mjög hátt „engagement rate“ sem segir til um hversu mörgum líkar við færslurnar, skrifa athugasemdir og deila efninu okkar. Þetta gerir samfélagsmiðla okkar að mjög góðum vettvangi til þess að ná til þessa stóra hóps unnenda íslenska hestsins og gefur samstarfsaðilum okkar frábært tækifæri til auglýsinga og kynninga á sinni starfsemi.

Hægt er að meta hversu mikil verðmæti vörumerkið hefur skapað á samfélagsmiðlum með notkun á ákveðinni formúlu. Verðmætasköpun á samfélagsmiðlinum Facebook fyrir árin 2018-2019 voru um 8,4 milljónir ISK. Verðmætasköpun á samfélagsmiðlinum Instagram fyrir árin 2018-2019 voru um 28,4 milljónir ISK.

Samanlagt virði umfjallana á samfélagsmiðlum er **36,8 milljónir**.

Aðgerðir til þess að halda fylgjendum virkum fólu m.a. í sér að færslurnar á samfélagsmiðlum voru orðaðar sem spurningar sem hvöttu fylgjendur til að svara og birta myndir úr sínu eigin safni, t.d. í tengslum við hrekkjavökuna og jólin.

Á árinu voru nokkrir þekktir einstaklingar innan hestaheimsins fengnir til að „taka yfir“ samfélagsmiðla HOI í nokkra daga í einu. Má þar nefna verðlaunaljósmýndarann Drew Doggett, áhrifavaldana The Trip Sisters o.fl.

## Facebook þróun 2018-2019

Facebook stats	2018	2019
Samtals fylgjendur/"fans" (árslok)	40.521	44.730
Reach samtals árið	7.600.000	11.800.000
Impressions samtals árið	10.700.000	14.500.000
Meðal reach per færslu	25.100	35.600
Samtalt likes (tekið post engagement)	763.300	593.700
Athugasemdir samtals árið	5.900	4.800
Meðal engagement per færslu	2.600	1.900
Shares	20.900	18.200
Posts / Færslur fyrir árið	289	305


## Instagram þróun 2018-2019

Instagram stats	2018	2019
Samtals fylgjendur (árslok)	45.240	64.100
Reach samtals árið	4.900.000	11.600.000
Impressions samtals árið	8.400.000	21.100.000
Meðal reach per færslu	20.500	36.600
Samtalt likes (tekið post engagement)	1.100.000	1.800.000
Athugasemdir samtals árið	5.300	7.500
Meðal engagement per færslu	14,46%	12,22%
Saves	29.400	68.200
Posts / Færslur fyrir árið	205	279



Þróun í fjölda fylgjenda eftir aldurshópum á Facebook:



## Facebook Community þróun 2016-2019




Skipting fylgjenda á Facebook eftir þjóðlöndum:



# Instagram Community þróun 2016-2019



Skipting fylgjenda á Instagram eftir þjóðlöndum:



*Horses of  
Iceland*

NÓVEMBER 2019

# UPPBYGGING VÖRUMERKJAVIRÐIS: ÍSLENSKI HESTURINN



---

**HÖFUNDUR**

HRAFNHILDUR HELGA GUÐMUNDSDÓTTIR



# EFNISYFIRLIT

KAFLI	BLS
<b>HORSES OF ICELAND</b> INNGANGUR	3
<b>STAÐFÆRSLA</b> STOÐIR VÖRUMERKISINS	4
<b>SAMANTEKT</b>	5
<b>AÐFERÐAFRÆÐI</b>	6
<b>NIÐURSTÖÐUR</b>	7
TOP OF MIND	7
VITUND OG HUGRENNINGARTENGL	8
ÍMYND	9
ÍMYNDARSTYRKUR	14
MIÐLUN MARKAÐSEFNIS	16
KAUPLÍKUR	17
VIÐHORF	19
KYNMYNDLÍKING OG EIGNARHALD	20
ÁNÆGJA	22
TRYGGÐ	23
BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR	27
<b>LOKAORÐ</b>	28



# HORSES OF ICELAND

## INNGANGUR

Íslenski hesturinn er óneitanlega órjúfanlegur hluti af íslenskri arfleifð, enda saga hans samofin sögu íslensku þjóðarinnar. Orðstír hans sem vinsæll alhliða frístundahestur er þekktur víðsvegar um heiminn, sér í lagi á meginlandi Evrópu og í Skandinavíu. Á Íslandi glímir íslenski hesturinn ekki við samkeppni við aðrar hestategundir, enda eina tegundin sem leyfð er á landinu. Út í hinum stóra heimi er sagan hins vegar önnur og keppir íslenski hesturinn við rúmlega 750 hestategundir um hylli hestaáhugafólks.

Margir eiginleikar í fari íslenska hestsins skapa honum sérstöðu í samanburði við önnur hestakyn í heiminum, en ástæður fólks til að stunda hestamennsku eru afar misjafnar. Það má því með réttu segja að íslenski hesturinn sé vörumerki sem keppir um markaðshlutdeild í heimi hestamenskunnar.

Íslenski hesturinn er ekki hefðbundið vörumerki í þeim skilningi að eitt fyrirtæki sjái um sölu og markaðssetningu á því, heldur er þetta flókið net af hagsmunaaðilum sem allir eru að vinna að sameiginlegu markmiði; að gera íslenska hestinn að verðmætri söluvöru.

Markmið verkefnisins var að gera betur grein fyrir

vörumerkjavirði íslenska hestsins, með því að greina staðfærslu vörumerkisins Horses of Iceland og kanna hvort samræmi væri á milli þess og ímyndar íslenska hestsins meðal erlendra hesteigenda. Ef allt væri eins og best yrði á kosið, væri góð samsvörun á milli hinnar skilgreindu staðfærslu og ímyndar í hugum neytenda.

Vörumerkjavirði er skilgreint sem „það viðbætta virði sem sem vörumerkið ljær vöru“. Er það fyrst og fremst metið út frá skynjun viðskiptavina og hegðun þeirra gagnvart vörumerkinu. Í sinni einföldustu mynd má segja að vörumerkjavirði lýsi ímyndinni og er það falið í sterkum ímyndartengingum sem neytendur hafa gagnvart vörumerkinu.

Vörumerkjavitund og vörumerkjaímynd eru gjarnan þau hugtök sem notast er hvað mest við til að greina viðskiptavinagrundað vörumerkjavirði. Vörumerkjastjórnun felst þannig í að byggja upp og viðhalda vörumerkjavirði með markaðsaðgerðum.

Er það von höfundar að niðurstöður verkefnisins muni koma til með að nýtast til greiningar á þeim fjölmörgu sóknarfærum sem íslenski hesturinn stendur frammi fyrir. Mikilvægt er að áfram sé stuðlað að samhæfðu markaðsstarfi til að auka enn frekar hróður þessa magnaða hests.

# STAÐFÆRSLA

## REIÐHESTURINN

Gangtegundir  
Geðslag  
Fjölhæfni  
Kraftur  
Ósvikinn  
Stærð  
Hraustur

## SAGA OG MENNING

Arfleifð  
Samofinn  
Íslandssögunni  
þarfasti þjónninn  
Hreinræktaður

## NÁTTÚRA OG ÆVINTÝRI

Frelsi  
Nálægð við  
náttúruna  
Andleg vellíðan  
Kímni

## SAMFÉLAG


Samhent samfélag  
Þekking  
Fagmennska  
Lífsstíll  
Gæðastundir

## STOÐIR VÖRUMERKISINS

Staðfærsla Horses of Iceland byggir á fimm vörumerkjastoðum, sem leggja grunninn að þeim sögum sem sagðar eru af íslenska hestinum. Hver stoð hefur sinn útgangspunkt og áherslur sem saman veita hálfgerðan áttavita, sem er leiðarvísir í öllum ákvörðunum sem teknar eru varðandi vörumerkið.

Höfundur verkefnisins sameinaði þó tvær stoðir í eina vegna líkinda og telur rétt að stuðst sé við fjórar stoðir í stað fimm. Þau atriði sem hver stoð samanstendur af eru tilgreind fyrir neðan heiti hverrar stoðar.

Staðfærsla sem er vel heppnuð mótar ímynd vörumerkisins og býr til jákvæðar tengingar við neytendur. Nauðsynlegt er að athuga reglulega hvort staðfærslan sé í raun að skila sér til neytenda og endurskoða þá staðfærsluna eða aðlaga kynningarráðana í samræmi við það.





# SAMANTEKT

Vörumerki er ákveðið nafn, heiti, merki, tákn eða hönnun sem notað er til að skilgreina vöru eða þjónustu í þeim tilgangi að aðgreina hana frá vörum eða þjónustu samkeppnisaðila. Í því felst loforð um að veita kaupanda ákveðna eiginleika, kosti, gildi og fleiri þætti sem tengdir eru vörunni. Þrátt fyrir að íslenski hesturinn teljist réttilega sem vörumerki þá má jafnframt segja að hann sé „ferskvara“, að því leyti að hann lifandi vera. Eðli málsins samkvæmt, þá skipta umhverfisáhrif, s.s. meðhöndlun, þjálfun og fleira miklu máli við úrvinnslu vörunnar og ekki síður hvað varðar áframhaldandi ánægju kaupandans eftir að kaup hafa verið gerð.

Vörumerkjavirði er mjög yfirgripsmikið hugtak og í sinni ítarlegustu mynd nær hugtakið yfir þætti sem bæði snerta viðskiptavini og skipulagsheildina sjálfa. Hér verður gengið út frá hugtakinu viðskiptavinagrunduðu vörumerkjavirði, sem fræðimaðurinn Kevin Lane Keller skilgreindi.


Samkvæmt Keller samanstendur vörumerkjavirði annars vegar af vörumerkjavitund og hins vegar af vörumerkjaímynd. Einnig er hægt að notast við tryggð viðskiptavina við vörumerkið.

Þegar verkefninu Horses of Iceland var ýtt úr vör var ætlun

þess að styrkja alþjóðlega ímynd íslenska hestsins og auka verðmætasköpun tengda greininni. Þar sem ímynd íslenska hestsins hefur ekki verið mæld með þessum hætti áður er erfitt að notast við þessa mælingu til að segja til um árangur markaðsstarfsins. Hins vegar gefa niðurstöðurnar til kynna að staðfærsla Horses of Iceland sé í megindráttum að skila sér.

Þrátt fyrir að markaður með hesta á heimsvísu hlaupi á milljörðum bandaríkjadollara, er markaðurinn sjálfur torskilinn fyrir markaðsfólk. Óvenjulegt eðli hans er eflaust helsta ástæða þess, þar sem bæði seljendur og kaupendur eru mjög margir og smáir í þeim skilningi að seljendur hesta ná ekki upp einhverri markaðshlutdeild að ráði. Fagfólk sem kemur að greininni, svo sem tamningamenn, reiðkennarar, járnungamenn og dýralæknar starfa oftast en ekki sjálfstætt og flest hesthús sem leigja aðstöðu til hesteigenda eru einstaklingsrekin en ekki hluti af stærri keðju.

Markaðnum er þannig ekki stýrt af einhverjum ráðandi öflum heldur er hann margslunginn og mörgum háður. Sömuleiðis er markaður fyrir íslensk hross mjög margskiptur og því nauðsynlegt að nýta samþætt markaðsstarf til að koma verðleikum hans á framfæri.



# AÐFERÐAFRÆÐI

Til að uppfylla markmið rannsóknarinnar var notast við bæði eigindlega og megindlega aðferðafræði. Eigindleg greining á staðfærslu Horses of Iceland var framkvæmd þar sem öll fyrirbyggjandi gögn voru skoðuð og metin.

Í kjölfar staðfærslugreiningar var rafrænt hentugleikaúrtak notað við fyrirlögn spurningalista sem dreift var meðal alþjóðlegra hest-eigenda á samfélagsmiðlinum Facebook. Var það gert til að ná til sem flestra hesteigenda í heiminum, í ljósi þess að 2,45 milljarðar manns eru virkir notendur á miðlinum. Ekki var minnst á Horses of Iceland né Ísland fyrr en í lok kannarinnar til þess að koma í veg fyrir hlutdrægni hjá þáttakendum.

Alls voru þátttakendur 2342 talsins en mismunandi svörun var á milli spurninga.

Mikill meirihluti þátttakenda var kvenkyns, eða 93,1%. Aldursdreifing þátttakenda var hins vegar frekar jöfn og menntunarstig fremur hátt, þar sem 58,4% höfðu lokið annað hvort grunnnámi eða framhaldsnámi í háskóla.

Þátttakendur komu frá rúmlega 50 löndum og var því skipt niður í sex markaði, byggt á þjóðerni og landfræðilegri staðsetningu. Þótti skiptingin nauðsynleg til að auðvelda gagnaúrvinnslu, ásamt því að geta borið saman markaðssvæði á skilvirkari hátt.

Markaðssvæðin voru Norður-Ameríka, Þýskaland, Skandinavía, Evrópa, Bretland og svo Önnur lönd.

41,9% þátttakenda voru núverandi eigendur íslenska hestsins á meðan 14,8% höfðu aðgang að íslenskum hesti, t.d. að láni eða í reiðkennslu.

## Markaðir

## Lönd

Norður Ameríka	28.8%	Bandaríkin og Kanada
Þýskaland	23.7%	Þýskaland
Skandinavía	16.3%	Álandseyjar, Danmörk, Finnland, Færeyjar, Noregur og Svíþjóð
Evrópa	14.0%	Albanía, Austurríki, Bosnía and Hersegóvína, Belgía, Búlgaría, Eistland, Frakkland, Grikkland, Holland, Hvíta-Rússland, Ítalía, Króatía, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Moldavía, Norður Makedónía, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Serbía, Slóvenía, Slóvakía, Spánn, Svartfjallaland, Sviss, Tékkland, Ungverjaland og Úkraína.
Stóra-Bretland	15.0%	Stóra-Bretland, Írland og Mön.
Önnur lönd	2.2%	Ástralía, Egyptaland, Gvatemala, Indland, Jersey, Japan, Maldíveyjar, Nýja Sjáland, Rússland, Síle, Tyrkland og Suður-Afríka




# NIDURSTÖÐUR

## TOP OF MIND

### Q1. DO YOU OWN OR HAVE ACCESS TO A HORSE?


I own a horse/horses	75%
I have access to a horse/horses (rental, loan, etc.)	14%
I don't have a horse.	11%
<i>N responses</i>	2103



■ I own a horse/horses ■ I have access to a horse/horses (rental, loan, etc.) ■ I don't have a horse.

### Q2. WHAT BREED OF HORSES COMES FIRST IN MIND WHEN YOU THINK ABOUT HORSES?

Did not mention the Icelandic horse	59%
Did mention the Icelandic horse	41%
<i>N responses</i>	1571



■ Did not mention the Icelandic horse ■ Did mention the Icelandic horse

### Q3. KINDLY, NAME OTHER BREEDS THAT COME TO MIND.

Did not mention the Icelandic horse	93%
Did mention the Icelandic horse	7%
<i>N responses</i>	1503





**Q6. HOW WEAKLY OR STRONGLY DO YOU ASSOCIATE THE FOLLOWING STATEMENTS WITH THE ICELANDIC HORSE?**

	<b>N</b>	<b>Mean</b>	<b>St.Dev</b>
The Icelandic horse's heritage is an integral part of the history and culture of the Icelandic nation.	1345	4.50	.819
The Icelandic horse is genuine and authentic.	1315	4.28	.865
The Icelandic horse is powerful and robust.	1316	4.25	.896
It is good for one's mental well-being to be around the Icelandic horse.	1315	4.19	.949
The Icelandic horse is versatile and can be used for more than one discipline and/or for different purposes.	1365	4.15	.956
The Icelandic horse is an example of a healthy and pure horse breed.	1318	4.13	.896
The Icelandic horse brings his rider closer to nature.	1355	4.12	.965
The Icelandic horse has a gentle, self-assured and cooperative temperament.	1357	4.10	.908
The Icelandic horse brings a feeling of freedom.	1338	4.08	.974
The Icelandic horse is highly adaptable and willing to please.	1310	4.03	.871
The Icelandic horse's gaits are elegant and natural to look at.	1318	3.97	.996
There is a vivid and enjoyable community behind the Icelandic horse.	1321	3.92	.907
There is a rough and rugged aspect to the Icelandic horse.	1312	3.82	.972
There is a humorous attribute to the Icelandic horse.	1315	3.60	.948
The size of the Icelandic horse is suitable for most riders.	1328	3.54	1.031
It is easy to find knowledge and guidance about the Icelandic horse and its training in general.	1321	3.42	.969


**Q6A. THE ICELANDIC HORSE IS VERSATILE AND CAN BE USED FOR MORE THAN ONE DISCIPLINE AND/OR FOR DIFFERENT PURPOSES.**

Very weakly	3%
Weakly	3%
Neither weakly nor strongly	12%
Strongly	40%
Very strongly	42%
N responses	1365
Mean	4.15




**Q6B. THE ICELANDIC HORSE BRINGS HIS RIDER CLOSER TO NATURE.**

Very weakly	3%
Weakly	1%
Neither weakly nor strongly	20%
Strongly	33%
Very strongly	43%
N responses	1355
Mean	4.12



**Q6C. THE ICELANDIC HORSE HAS A GENTLE, SELF-ASSURED AND COOPERATIVE TEMPERAMENT.**

Very weakly	2%
Weakly	2%
Neither weakly nor strongly	16%
Strongly	43%
Very strongly	37%
N responses	1357
Mean	4.10



**Q6D. THE ICELANDIC HORSE'S HERITAGE IS AN INTEGRAL PART OF THE HISTORY AND CULTURE OF THE ICELANDIC NATION.**


Very weakly	2%
Weakly	1%
Neither weakly nor strongly	5%
Strongly	29%
Very strongly	63%
N responses	1345
Mean	4.50





**Q6E. THE ICELANDIC HORSE BRINGS A FEELING OF FREEDOM.**

Very weakly	3%
Weakly	2%
Neither weakly nor strongly	21%
Strongly	32%
Very strongly	42%
N responses	1338
Mean	4.08




